

Nd.

27. Frumvarp til laga

um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkaslétu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Í Hraunhöfn á Melrakkaslétu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

G r e i n a r g e r ð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Presthólahreppi. Skip leita oft inn á Hraunhöfn til að liggja af sér veður. Skilyrði eru þar nokkur fyrir vélbátaútvæg. Og æskilegt er, að flóabátar norðanlands geti haft þar viðkomu.